Hafnarfjörður

# Samþykkt

## um Bílastæðasjóð Hafnarfjarðar

### I. kafli
### Um samþykktina og orðskýringar

#### *1. gr. - Gildissvið*

Samþykkt þessi kveður á um stjórn og stjórnsýslu Bílastæðasjóðs Hafnarfjarðar, gjaldskyld og ógjaldskyld bílastæði, íbúakort, græn bílastæði og rafmagnshleðslustæði, stæði fyrir rútur, stæði fyrir hreyfihamlaða, reiðhjólastæði, bílastæðahús og eftirlit með stöðubrotum, aukastöðugjaldi og stöðubrotagjaldi.

#### *2. gr. - Orðskýringar*

a. ***Bílastæði:*** Svæði með reitum til að leggja ökutæki. Ökutæki skal lagt innan marka merktra reita.

b. ***Gjaldsvæði:*** Afmarkað svæði þar sem gjaldskylda gildir um bílastæði samkvæmt gjaldskrá Bílastæðasjóðs Hafnarfjarðar. Gjaldskyldusvæði geta haft mismunandi verðflokka, gjaldskyldutíma og hámarkstíma.

c. ***Gjaldskrá Bílastæðasjóðs Hafnarfjarðar:*** Skjal sem kveður á um gjaldskyldu, gjaldskyldutíma, verðflokka og viðurlög vegna stöðubrota.

d. ***Gjaldskyldutími:*** Tími dagsins þegar gjaldskylda er í gildi á gjaldskyldum bílastæðum. Gjaldskyldutími getur verið breytilegur eftir gjaldsvæðum.

e. ***Stöðumælastæði:*** Bílastæði merkt sem slíkt, þar sem innheimt er gjald samkvæmt gjaldskrá Bílastæðasjóðs Hafnarfjarðar.

f. ***Íbúakortasvæði:*** Gjaldsvæði þar sem íbúakort veitir undanþágu frá gjaldskyldu.

g. ***Íbúakort:*** Kort sem veitir heimild til að leggja ökutæki á ákveðnum gjaldskyldum svæðum án greiðslu.

h. ***Fastleigustæði:*** Gjaldskyld bílastæði sem leigð eru út til lengri tíma.

i. ***Rútustæði:*** Bílastæði og/eða svæði ætlað hópferðabílum.

j. ***Græn stæði og rafmagnshleðslustæði:*** Bílastæði fyrir ökutæki sem ganga eingöngu fyrir umhverfisvænum orkugjöfum, svo sem rafmagni, vetni eða metani.

k. ***Stæði fyrir hreyfihamlaða:*** Sérmerkt bílastæði fyrir handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða.

l. ***Reiðhjólastæði:*** Stæði þar sem hægt er að leggja og læsa reiðhjólum án gjaldskyldu.

## II. kafli
## Stjórn, stjórnsýsla, hlutverk og tekjur sjóðsins

### *3. gr. - Stjórn Bílastæðasjóðs Hafnarfjarðar*

Bílastæðasjóður Hafnarfjarðar er í eigu Hafnarfjarðarbæjar. Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar fer með stjórn sjóðsins.

Bæjarstjórn setur gjaldskrá fyrir Bílastæðasjóð Hafnarfjarðar sem kveður á um gjaldskyldu á hverju gjaldsvæði, gjaldskyldutíma, gjald fyrir fastleigustæði og stjórnsýslukostnað við útgáfu fastleigustæða og íbúakorta. Bæjarstjórn gerir jafnframt tillögu að gjaldskrá aukastöðugjalds og stöðubrota í gjaldskrá Bílastæðasjóðs.

Skipulags- og byggingarráð gerir tillögur um gerð og staðsetningu gjaldsvæða og bílastæða samkvæmt samþykkt þessari.

Umhverfis og framkvæmdarráð sér um daglegan rekstur sjóðsins og framkvæmdir á vegum hans.

Fjármálasvið sér um innheimtu gjalda, afgreiðir andmæli við aukastöðugjöld og stöðubrotagjöld og ræður stöðumælaverði.

### *4. gr. - Hlutverk Bílastæðasjóðs Hafnarfjarðar*

Verkefni Bílastæðasjóðs Hafnarfjarðar er að eiga og reka gjaldskyld og ógjaldskyld bílastæði og bílastæðahús fyrir almenning innan sveitarfélagsins.

### *5. gr. - Tekjur Bílastæðasjóðs Hafnarfjarðar*

Tekjur Bílastæðasjóðs Hafnarfjarðar koma frá:

- Stöðumælagjöldum og leigu stöðureita.
- Aukastöðugjöldum og stöðubrotagjöldum.
- Leigu bílastæða, jafnt fastleigustæða sem stæða í bílastæðahúsum.
- Gjöldum vegna greiddra bílastæðagjalda frá húsbyggjendum samkvæmt sérstökum samþykktum.
- Framlögum úr bæjarsjóði eða lántökum með ábyrgð bæjarsjóðs eða tryggðum með veði í mannvirkjum skráðum á Bílastæðasjóð.

## III. kafli
## Um bílastæði

### *6. gr. - Flokkun bílastæða*

Bílastæði í samþykktum þessum geta verið:

- Gjaldskyld bílastæði til skammtímastöðu (stöðumælastæði).
- Gjaldskyld bílastæði til langtímastöðu (fastleigustæði).
- Gjaldskyld og ógjaldskyld bílastæði fyrir rútur.
- Gjaldskyld bílastæðahús og bílskýli.
- Ógjaldskyld bílastæði á svæðum sem skilgreind eru af Hafnarfjarðarbæ.
- Græn stæði fyrir rafbíla og önnur umhverfisvæn ökutæki.

### *7. gr. - Merking bílastæða*

Bílastæði skulu merkt með skýrum línum, stöðumælum eða skilti eftir því sem við á. Þegar ökutæki er lagt á merkt stæði skal það allt vera innan línanna.

Bílastæði ekki ætluð öllum, s.s. stæði fyrir hreyfihamlaða, hleðslustæði eða önnur sérstök stæði, skulu merkt sérstaklega með umferðarmerki og/eða áletrun.

## IV. kafli
## Gjaldskyld stöðumælastæði

### *8. gr. - Gjaldskyld svæði*

Stöðumælastæði eru bílastæði á gjaldskyldum svæðum.

Um gjaldskyld svæði, gjaldskyldutíma og gjald fyrir að leggja í gjaldskyld bílastæði gilda ákvæði gjaldskrár Bílastæðasjóðs Hafnarfjarðar, sbr. 11. gr.

Ákvarðanir um það hvaða bílastæði séu gjaldskyld og í hvaða verðflokki þau lenda eru byggðar á gögnum um nýtingu bílastæða í landi Hafnarfjarðarbæjar. Nánari skilgreiningar á því skulu vera í verklagsreglum um breytingar á gjaldskyldu og annarri flokkun bílastæða.

### *9. gr. - Stöðumælir og greiðslukerfi*

Stöðumælir er vél- og hugbúnaður þar sem keyptur er aðgangur að bílastæði í tiltekinn tíma með rafrænum greiðslulausnum eða greiðslukorti.

### *10. gr. - Greiðsla fyrir gjaldskyld bílastæði*

Rafrænar greiðslulausnir eða stöðumælar eru notaðir til að greiða fyrir gjaldskyld bílastæði. Skylt er að greiða fyrir afnot af stöðumælastæði fyrir hvers konar vélknúin ökutæki þ.m.t. tengivagna.

### *11. gr. - Gjaldskrá og gjaldskyldutími*

Bæjarráð ákveður gjald í gjaldskrá Bílastæðasjóðs Hafnarfjarðar fyrir stöðu ökutækis á stöðumælastæðum eftir gjaldsvæðum og hvað ökutæki má standa þar lengi samfellt og á hvaða tíma gjaldskylda er. Lögreglustjóri hefur heimild til að breyta ákvæðum um gjaldskyldu þegar sérstaklega stendur á.

### *12. gr. - Miði eða skráningarkerfi*

Ef stöðumælir er þannig gerður að úr honum kemur miði með áletrun um þann tíma sem greitt var í mælinn eða þau tímamörk sem greitt hefur verið fyrir, skal ökumaður setja miðann á mælaborð við framrúðu ökutækisins, þannig að áletrun á miðanum sé vel sýnileg utan frá.

Ef stöðumælir eða smáforrit er þannig gert að hægt er að skrá skráningarnúmer ökutækis þarf ekki að setja áletraðan miða á mælaborð ökutækisins.

### *13. gr. - Merkingar og hámarkstími*

Á skilti við gjaldskyld bílastæði skal greinilega letrað hvort gjaldskyldusvæði er P1, P2 eða P3 og á hvaða tíma gjaldskylda er í gildi.

Ekkert ökutæki má standa á stöðumælastæði lengur en þann tíma sem tilgreindur er.

Hafi ökutæki staðið án greiðslu eða of lengi á stæðinu er innheimt aukastöðugjald samkvæmt gjaldskrá Bílastæðasjóðs Hafnarfjarðar.

## V. kafli
## Ógjaldskyld stæði og gjaldskyld stæði utan gjaldskyldutíma

### *14. gr. - Heimild til að leggja án greiðslu*

Heimilt er að leggja án gjalds á bílastæðum ógjaldskyldra svæða í miðbænum og utan gjaldskyldutíma á gjaldskyldum stæðum.

### *15. gr. - Takmarkanir á notkun stæða og geymslu ökutækja*

Óheimilt er að leggja stórvirkum vinnubifreiðum, vinnuvélum, eftir- og tengivögnum, hópferða- og vöruflutningabílum, hjólhýsum, dráttarkerrum, bátum o.þ.h. skráðum ökutækjum á ógjaldskyldum bílastæðum í miðbænum og á gjaldskyldum bílastæðum utan gjaldskyldutíma.

Óheimilt er að leggja bifreiðum til lengri tíma en þrjá sólarhringa (til geymslu) á ógjaldskyldum stæðum á svæðum af flokki A.

Óheimilt er að leggja bifreiðum til lengri tíma en tíu sólarhringa (til geymslu) á ógjaldskyldum stæðum á svæðum af flokki B.

## VI. kafli
## Stæði fyrir rútur

### *16. gr. - Heimild og afnot*

Stæði fyrir rútur eru bílastæði þar sem heimilt er að leggja rútum og stærri ökutækjum, eftir því sem ákveðið verður af hálfu Hafnarfjarðarbæjar.

Heimilt er að ákveða að rútur, hjólhýsi og fellihýsi megi leggja á bílastæðum við valda grunnskóla frá 10. júní til 15. ágúst ár hvert, án gjaldtöku. Slík ákvörðun skal kynnt opinberlega.

### *17. gr. - Gjaldtaka og umsókn*

Bílastæðasjóði er heimilt að innheimta leigugjald fyrir rútustæði, ýmist sem tímaleigu eða fast gjald samkvæmt gjaldskrá Bílastæðasjóðs Hafnarfjarðar.

Sótt er um fastleigukort fyrir slík stæði með rafrænum hætti í gegnum þjónustugátt Hafnarfjarðarbæjar.

Sé stæðið notað í heimildarleysi skal greiða aukastöðugjald samkvæmt gjaldskrá.

## VII. kafli
## Bílastæðahús og bílskýli

### *18. gr. - Bygging og rekstur*

Bæjarráð getur falið Bílastæðasjóði Hafnarfjarðar að byggja og reka bílastæðahús og bílskýli.

Heimilt er að selja hlutdeildarbréf í bílastæðahúsum og bílskýlum sem byggð eru fyrir reikning Bílastæðasjóðs Hafnarfjarðar. Slík hlutdeildarbréf veita rétt til afnota af bílastæði í húsinu samkvæmt nánari skilmálum og er sá réttur framseljanlegur. Rétthafi bílastæðis greiðir hlutfallslegan rekstrarkostnað vegna þess.

### *19. gr. - Gjaldtaka og afnot*

Notendur bílastæðahúsa og bílskýla í eigu Bílastæðasjóðs Hafnarfjarðar skulu greiða leigu fyrir notkun í samræmi við gjaldskrá sem bæjarráð samþykkir. Bæjarráð ákveður einnig opnunartíma slíkra mannvirkja.

### *20. gr. - Samningar við einkaaðila*

Heimilt er að semja við eigendur einkarekinna bílastæðahúsa og bílskýla um að rekstur þeirra verði á vegum bílastæðasjóðs hluta sólarhringsins.

Einnig er sjóðnum heimilt að kaupa hlutdeild í bílastæðahúsum í eigu annarra og áframleigja stæði þar til notenda.

## VIII. kafli
## Íbúakort

### *21. gr. - Skilyrði fyrir útgáfu íbúakorts*

Íbúar með lögheimili innan afmarkaðs reits samkvæmt gjaldskrá Bílastæðasjóðs Hafnarfjarðar, sem ekki hafa aðgang að bílastæði innan lóðar eða geta ekki útbúið slíkt á auðveldan hátt, geta sótt um íbúakort. Kortið veitir heimild til að leggja ökutæki á nánar tilgreindum gjaldskyldum stæðum innan þess svæðis sem kortið gildir fyrir.

### *22. gr. - Réttur til íbúakorts og skráning*

Íbúakort eru afhent þinglýstum eigendum fasteigna með lögheimili á viðkomandi svæði. Leigjendur með lögheimili á svæðinu og námsmenn sem framvísa staðfestingu frá skóla geta einnig fengið íbúakort gegn framvísun þinglýsts leigusamnings.

Aðeins má skrá eitt kort á hverja íbúð og á það skal skráð bílnúmer, þó aldrei fleiri en tvö bílnúmer, kortanúmer og gildistíma. Ef eigandi skiptir um bíl á gildistímanum þarf hann að skrá nýtt bílnúmer rafrænt á íbúakortið.

### *23. gr. - Umsókn*

Sótt er um íbúakort hjá Bílastæðasjóði Hafnarfjarðar í gegnum rafræna þjónustugátt bæjarins.

### *24. gr. - Gildistími*

Gildistími korts er eitt ár. Endurnýja þarf íbúakort árlega. Fyrir leigjendur gildir kortið út leigutímann, ef leigutími er styttri en eitt ár.

Ef handhafi íbúakorts flytur lögheimili út af svæðinu fellur kortið úr gildi. Misnotkun kortsins varðar missi kortsins á eftirstandandi gildistíma þess.

## IX. kafli
## Græn stæði og rafmagnshleðslustæði

### *25. gr. - Notkun grænna stæða*

Einungis ökutækjum sem ganga eingöngu fyrir umhverfisvænum orkugjöfum, svo sem rafmagni, vetni eða metani, er heimilt að leggja á svokölluð græn stæði sem eru sérstaklega merkt með tilheyrandi skiltum.

Sé grænt stæði innan gjaldskyldu svæðis er það gjaldskylt samkvæmt gildandi gjaldskrá.

### *26. gr. - Reglur um rafmagnshleðslustæði*

Græn stæði með rafmagnshleðslu eru gjaldskyld ef þau eru staðsett innan gjaldskyldra svæða, á sama hátt og önnur græn stæði.

Ökutæki má ekki standa á rafmagnshleðslustæði lengur en nauðsynlegt er til að fullhlaða rafhlöðu þess.

## X. kafli
## Stæði fyrir hreyfihamlaða

### *27. gr. - Heimild til notkunar*

Einungis handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða (P-korta) er heimilt að leggja ökutæki í sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Slík stæðiskort veita einnig heimild til að leggja í gjaldskyld stæði.

### *28. gr. - Undanþágur*

Handhafar stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða eru undanþegnir gjaldskyldu og tímatakmörkunum á gjaldskyldum bílastæðum.

### *29. gr. - Birting stæðiskorts*

P-korti skal komið fyrir innan við framrúðu ökutækis þannig að framhlið þess og gildistími séu vel sýnileg utan frá.

## XI. kafli
## Eftirlit með stöðubrotum, aukastöðugjald og stöðubrotagjald

### *30. gr. - Skilgreining á stöðubroti*

Stöðubrot samkvæmt samþykkt þessari eru brot gegn 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

### *31. gr. - Eftirlit*

Stöðuverðir Hafnarfjarðarbæjar, aðrir starfsmenn Bílastæðasjóðs og lögreglumenn hafa eftirlit með stöðum ökutækja, bæði á bílastæðum og annars staðar. Þeir skulu gæta þess að ökutæki standi ekki lengur en heimilt er á gjaldskyldum stöðumælastæðum, gjaldfrjálsum stæðum með tímamörk og að greitt hafi verið tilskilin gjöld eða tímamörk séu virt.

Jafnframt skulu þeir tryggja að ökutækjum, eftirvögnum, tengitækjum eða sambærilegum búnaði sé ekki lagt í andstöðu við 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

### *32. gr. – Tilkynning um brot*

Verði stöðuvörður eða lögreglumaður þess var að ökutæki sé lagt ólöglega, sbr. 109. gr. laga nr. 77/2019, skal hann afhenda ökumanni eða festa við ökutækið tilkynningu um brotið. Einnig má senda hana með sannanlegum hætti, s.s. í heimabanka eiganda ökutækis.

Í tilkynningu skal koma fram:

- Hvar og hvenær brot átti sér stað
- Hvert brotið er
- Auðkenni ökutækis (skráningarnúmer og gerð)
- Heimild til að ljúka málinu með greiðslu stöðubrotsgjalds

- Hvernig greiða megi gjaldið, hvar og hvenær
- Upphæð gjaldsins
- Hvað gerist ef greiðsla dregst

Tilkynning skal undirrituð með númeri stöðuvarðar. Sama gildir um tilkynningar vegna aukastöðugjalds og stöðubrotagjald.

***33. gr. – Ákvörðun um gjald***

Bæjarstjórn ákveður fjárhæð aukastöðugjalds og stöðubrotsgjalds og sendir ráðherra til staðfestingar.

## XII. kafli
## Rekstur bílastæða og gjaldtaka fyrir notkun þeirra

***34. gr. - Samningar um tímabundin afnot***

Heimilt er að semja við eigendur einkabílastæða um tímabundin afnot þeirra og útleigu til almennings.

***35. gr. - Rafhleðslustæði í útleigu***

Heimilt er að leigja út til lengri tíma ákveðin bílastæði í eigu Bílastæðasjóðs Hafnarfjarðar í þeim tilgangi að þar verði rekin rafmagnshleðslustæði með sölu raforku til farartækja sem markmið.

***36. gr. - Framsal á valdi til eftirlits***

Bæjarráði er heimilt, að fengnu leyfi ráðherra, að framselja vald sitt samkvæmt IV. kafla til fyrirtækis sem tekur að sér eftirlit með stöðubrotum.

## XIII. kafli
## Gildistaka o.fl.

***37. gr. - Gildistaka***

Samþykkt þessi tekur gildi 1. júní 2025.

Samþykkt í bæjarstjórn Hafnafjarðar 7. maí 2025